

Nefndasvið Alþingis. Austurstræti 8-10. 150 Reykjavík.

Heilbrigðis og trygginganefnd Alþingis.

Reykjavík 24.11. 2006.

Álit Samtakanna Lífsvog á meðfylgjandi Frumvarpi til laga um embætti Landlæknis , þingskjal 282, 273, mál.
er hér eftirfarandi.

Um I kafla. Markmið, skipun landlæknis og skilgreiningar getur Lífsvog tekið fullkomlega undir allar þær greinar þess kafla og telur skilgreiningar til betrumbóta en ennig er gott að sjá að þær færast til samræmingar í öðrum lögum, svo sem Lögum um réttindi sjúklinga, sem er mjög svo nauðsynlegt.

II kafli. Hlutverk landlæknis, grein 4. liður a-k.

Lífsvog tekur heilshugar undir öll þau atriði er koma þarna fram og telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um slíkt í lögum er aftur styrki embætti Landlæknis.

Hins vegar viljum við láta þess getið að jafnframt er mikilvægt að embættið fái nauðsynlegt fjármagn ár hvert til þess að geta fullkomlega innt af hendi þær skyldur sem þeim eru á herðar lagðar í þessu efni og nú er skýrar kveðið á um en verið hefur.

Veið gerum engar athugasemdir við 5 og 6. grein, en viljum benda á varðandi 7. grein sem kveður á um Eftirlit með heilbrigðisþjónustu, þar sem kveður á um að ráðherra geti sett reglugerðir, að slíku beri að halda í hófi hvað varðar verulegar umbreytingar í áherslum með tilliti til jafnræðisreglu. Við gerum okkur eigi að síður ljóst að slíkar reglugerðarheimildir séu nauðsynlegar.

Engar athugasemdir eru við 8. grein, en hins vegar 9. grein um Skráningu óvæntra atvika, er spurning hvort ekki skuli fastsett í lög þessi að öðru leyti en " reglulega " varðandi skýrslur til Landlæknis m slíkt, til dæmis árlega til að byrja með.
Einkum og sér í lagi sökum þess að embættinu er gert það skylt í 10. grein, að gefa ráðherra árlega skýrslu um óvænt atvik.

Að öðru leyti gerum við ekki athugasemdir við 10 greinina frekar en 11 grein og teljum að báðar þessar greinar séu af hinu góða þar sem tiltekið er hlutverk um Gæðapróun sem og skýrt kveðið á um Tilkynningarskyldu.

I V kafli. 18, 19, og 20. grein gerum við engar athugasemdir við.

V kafli. Allar greinar í lagi að okkar mati sem og einnig 24 grein um breytingar á öðrum lögum samhliða lagasetningu þessari.

Samtökin Lífsvog fagna skýrari hlutverkaskipan sem kveðið er á til handa Landlækni í þessu frumvarpi sem og nánari skilgreiningum hvers konar sem þar koma fram á ýmsum stöðum.

Þrátt fyrir mat fjármálaráðuneytis þess efnis að frumvarpið feli ekki í sér kostnaðarútgjöld, þá viljum við eigi að síður benda á að nauðsynlegt sé að skoða vel hvort embætti Landlæknis hafi nú þegar yfir nægilegum fjármunum að ráða til að rækja eftirlitshlutverk sitt til fullnustu, ekki hvað síst hvað varðar gæðapróun sem og hið almenna eftirlitshlutverk.

Virðingarfyllt.
f/h Samtakanna Lífsvog.

Guðrún María Óskarsdóttir stjórnarmaður.